

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2021

2024/EES/3/63

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/933 frá 29. júní 2018 um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 24f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 L 0933:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/933 frá 29. júní 2018 (Stjtið. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/933, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.